



Framhaldsskólinn á Húsavík
Frumkvæði - Samvinna - Hugrekki

Ársskýrsla 2017



Herdís Þ. Sigurðardóttir skólameistari

1. Nemendur og nám

Kennsla við Framhaldsskólann á Húsavík á vorönn 2017 hófst þann 4. janúar. Skóla var slitið í Húsavíkurkirkju laugardaginn 27. maí að viðstöddu fjölmenni. Þá voru brautskráðir 30 nemendur; 29 af stúdentsbrautum og 1 af almennri braut. Þetta var í fyrsta sinn sem skólinn útskrifaði nemendur af námsbrautum samkvæmt nýrri námskrá en 20 nemendur útskrifuðust samkvæmt henni og 10 samkvæmt eldri námskrá. Á haustönn hófst kennsla þann 18. ágúst og lauk önninni með prófsýningu þann 21. desember.

Námskrárvinna

Kennsla hófst samkvæmt nýrri námskrá á haustönn 2015. Þá höfðu stúdentsbrautir skólans þegar hlotið staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis en ári seinna fengu almenn braut og starfsbraut einnig staðfestingu. Allar brautir skólans hafa því verið staðfestar og er nú komin nokkur reynsla af kennslu þeirra. Þegar er hafin endurskoðun á innihaldi stúdentsbrauta og er stefnt á að bera nýjar útgáfur þeirra undir samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis á skólaárinu 2018-2019. Stöðugt er unnið að almennum hluta skólanámskrár en á skólaárinu 2017-2018 er einkum unnið að endurskoðun á hinum ýmsu stefnum og áætlunum skólans. Ber þar helst að nefna endurskoðun á móttökuáætlun, rýmingaráætlun, óveðursáætlun og stefnu gegn hvers kyns ofbeldi auk þess sem framhaldsskólar vinna nú í sameiningu að áætlun um vörn gegn vá.

Þróunarstarf

Á vorönn 2017 var unnin þróunarstarf í tengslum við stokkatöflu, leiðsagnarmat og nám fyrir leiðsögufólk á hvalaskoðunarbátum. Á haustönn 2017 var tekin upp ný stokkatafla þar sem kennslustundir voru 45 mínútur í stað 60 mínútna áður. Jafnframt voru teknar upp vinnustundir sem nemendur geta nýtt til þess að vinna þau verkefni sem fyrir liggja hverju sinni. Í tengslum við leiðsagnarmat voru teknar upp svokallaðar vörðuvikur. Um töluvert skeið hefur farið fram svokallað miðannarmat um miðja námsönn þar sem nemendur fá upplýsingar um hvernig þeir standa í hverjum áfanga. Vörðuvikur eru haldnar sitt hvorum megin við miðannarmat og fá nemendur þá enn frekar upplýsingar um námslega stöðu sína, meðal annars með samtölum við kennara. Nám fyrir leiðsögufólk á hvalaskoðunarbátum var unnið í samstarfi við hvalaskoðunarfyrirtækin á Húsavík, Hvalasafnið á Húsavík og Þekkingarnet Þingeyinga. Um er að ræða tvo áfanga og var annar þeirra kenndur á haustönn 2017 en hinn á vorönn 2018. Fyrri áfanginn fjallar um lífríki, staðhætti og menningu við Skjálfanda en hinn um framkomu, stjórnun og báta.

Nemendatölur á vorönn 2017

Á vorönn 2017 voru eftir töflubreytingar 109 nemendur; 55 konur og 54 karlar. Árnemar voru 79,1. Brottfall ársnema var 1,6%. Meðalfjöldi nemenda í hóp var 15,4. Langflestir nemendur voru á hefðbundnum framhaldsskólaaldri og með lögheimili á Húsavík. Þeir nemendur sem búsettir voru annars staðar á landinu voru í flestum tilfellum fjarnemar.

Skipting nemenda eftir brautum og kyni V17

Heiti brautar	Fjöldi kvenna	Fjöldi karla	Heildarfjöldi
Félagsfræðibraut (eldri námskrá)	2	3	5
Félags- og hugvísindabraut (ný námskrá)	21	11	32
Náttúrufræðibraut (eldri námskrá)	0	4	4
Náttúruvísindabraut (ný námskrá)	17	20	37
Opin stúdentsbraut (ný námskrá)	0	1	1
Almenn braut (eldri og yngri námskrá)	1	7	8
Starfsbraut (ný námskrá)	1	2	3
Ótilgreind námsbraut	10	3	13
Viðbótarnám til stúdentsprófs (eldri námskrá)	0	1	1
Grunnskóladeild	3	2	5

Búseta nemenda V17

Póstnúmer	Staður	Fjöldi
103	Reykjavík	1
107	Reykjavík	1
109	Reykjavík	1
203	Kópavogur	1
260	Reykjanesbær	1
400	Ísafjörður	1
531	Hvammstangi	1
550	Sauðárkrókur	2
600	Akureyri	2
640	Húsavík	86
641	Húsavík	3
660	Mývatnssveit	3
671	Kópasker	1
700	Egilsstaðir	2
740	Neskaupsstaður	1
881	Kirkjubæjarklaustur	1
900	Vestmannaeyjar	1

Aldursskipting nemenda V17¹

Fæðingarár nemenda	Fjöldi
2001	5
2000	23
1999	24
1998	23
1997	11
1996	7
1995	1
1994	2
Eldri	5

¹ Ath. hér vantar að gera grein fyrir 8 nemendum, upplýsingar um fæðingarár þeirra vantar.

Nemendatölur á haustönn 2017

Á haustönn 2017 var fjöldi nemenda eftir töflubreytingar 105; þar af 59 konur og 46 karlar. Ársnemar voru 79,8. Brottfall ársnema var 1,9%. Meðalfjöldi nemenda í hóp var 15,5. Langflestir nemendur voru á hefðbundnum framhaldsskólaaldri og með lögheimili á Húsavík. Þeir nemendur sem búsettir voru annars staðar á landinu voru í flestum tilfellum fjarðemar.

Skipting nemenda eftir brautum og kyni H17

Heiti brautar	Fjöldi kvenna	Fjöldi karla	Heildarfjöldi
Félags- og hugvísindabraut (ný námskrá)	18	8	26
Náttúruvísindabraut (ný námskrá)	17	16	33
Opin stúdentsbraut (ný námskrá)	2	5	7
Almenn braut (ný námskrá)	3	3	6
Ótilgreind námskrá	14	6	20
Starfsbraut (ný námskrá)	1	5	6
Grunnskóladeild	3	4	7

Búseta nemenda H17

Póstnúmer	Staður	Fjöldi
101	Reykjavík	1
105	Reykjavík	2
109	Reykjavík	2
113	Reykjavík	1
235	Reykjanes	1
300	Akranes	1
310	Borgarnes	2
340	Stykkishólmur	1
350	Grundarfjörður	1
540	Blönduós	1
550	Sauðárkrókur	2
600	Akureyri	1
603	Akureyri	1
640	Húsavík	78
641	Húsavík	4
660	Mývatn	1
680	Þórshöfn	1
691	Vopnafjörður	1
700	Egilsstaðir	2
730	Reyðarfjörður	1

Aldursskipting nemenda H17

Fæðingarár	Fjöldi
2002	8
2001	19
200	27
1999	26
1998	7
1997	6
1996	4
1995	1
Eldri	7

2. Kennsla og stjórnun

Á vorönn 2017 voru 18 starfsmenn við FSH í 13,95 stöðugildum. Þar af voru 11 kennarar í 9,45 starfsgildum; 4 konur og 7 karlar. Á haustönn 2017 voru 17 starfsmenn við FSH í 13,8 stöðugildum. Þar af voru 11 kennarar í 9,3 stöðugildum; 4 konur og 7 karlar. Starfsaldur starfsfólks var á bilinu 2-30 ár. Meðalstarfsaldur var 13 ár. Fjórir af karlkennurunum voru komnir á kennsluafslátt vegna aldurs. Allir kennarar við skólann utan eins hafa kennsluréttindi. Sá kennari sem ekki hefur kennsluréttindi hóf kennsluréttindanám á haustönn 2017. Alls kenndu 7 af 11 kennurum þá námsgrein sem þeir lærðu í háskóla. Flestir kennarar kenndu fleiri en eina námsgrein en þær hafa yfirleitt sterk tengsl við þá grein sem kennsluréttindin byggja á. Námsráðgjafi var í 30% starfi, félagsmála- og forvarnarfulltrúi í 10% starfi og verkefnisstjóri heilsuráðs í 10% starfi. Skólameistari var í 100% starfi og aðstoðarskólameistari í 50-60% starfi. Skrifstofu- og fjármálastjóri var í 90% starfi, húsörður og ræstitæknir í 100%. Bókasafnsfræðingur var í 60% starfi á vorönn framan af haustönn en sagði upp störfum um miðja önn og hvarf af launaskrá frá og með 1. nóvember 2017. Hjúkrunarfræðingur starfaði við skólann í 2 klst. á viku skv. samningi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands og kerfisfræðingur í 3,5 klst. á viku skv. samningi við Advania.

Kennsluhættir voru hefðbundnir þ.e. fyrirlestrar kennara og nemenda, ritgerðir, hóp- og einstaklingsverkefni. Vægi prófa fer sífellt minnkandi og meira verður um símat í langflestum áföngum. Áföngum sem eru ekki með lokapróf fer fjölgandi.

3. Mat

Skólinn fór síðast í ytra mat árið 2014 og hefur verið unnið að þeim umbótatillögum sem þar voru gerðar allar götur síðan. Unnið hefur verið að framkvæmd markmiða samkvæmt skólasamningi 2015-2019 og má segja að þau hafi flest náðst. Jafnframt hefur verið unnið að markmiðum samkvæmt stefnumótun ríkisaðila síðan 2016 og hefur þeirri vinnu miðað vel. Starfshópur skólans um innra mat lagði fyrir áfangakannanir á báðum önnum 2017. Auk þess var lögð fyrir viðhorfskönnun meðal nemenda á vorönn 2017 og könnun í skólasamfélaginu á haustönn 2017.

4. Fjármál og rekstur

Árið 2017 byrjaði erfiðlega en skólinn hafði þá glímt við fjárhagsvanda frá árinu 2015 sem rekja má til þess að kennt var eftir tveimur námskrám á tímabili auk þess sem laun kennara hækkuðu verulega í kjölfar undirritunar nýs kjarasamnings. Yfirvinna var því skorin niður eins og hægt var, ekki var ráðið í stöðu bókasafnsfræðings sem sagði upp störfum auk þess hagrætt var eftir fremsta megni í nemendahópum. Ekki var ráðist í eignakaup umfram þau sem bráðnauðsynlegt voru auk þess sem

verulegs aðhalds var gætt á öllum öðrum sviðum. Því tókst að greiða niður skuldahalla við ríkissjóð og árinu var lokað með afgangi.

5. Samstarf

Gott samstarf hefur verið við Borgarhólsskóla varðandi mótuneytismál. Einnig hefur verið unnið náíð með Borgarhólsskóla varðandi mótun verklags um móttöku nemenda á grunnskólastigi. Á heimasíðu skólans má nú finna verkferilinn ásamt umsóknareyðublaði fyrir grunnskólanema. Verkferillinn hefur jafnframt verið sendur til annarra grunnskóla í nágrenninu.

Samstarf hefur verið með FSH og Norðurþingi síðan á haustönn 2017 varðandi útleigu á hluta af húsnaði skólans fyrir frístundastarfsemi grunnskólanemenda. Enn fremur hefur fyrirtækið PCC nýtt sér aðstöðu í skólanum til námskeiðahalds og á það sama reyndar við um fleiri fyrirtæki.

Framhaldsskólinn og Þekkingarnet Þingeyinga eiga saman laserskurðarvél og fleiri tæki sem staðsett eru í kjallara skólans. Gott samstarf hefur verið milli þessara stofnana með þessa litlu tæknismiðju sem bæði er notuð fyrir námskeið fyrir almenning og nemendur skólans.

FSH hefur verið í samstarfi svokallaðra Fjarmentaskóla sem gengið hefur vel. Markmið samstarfsins er að efla námsframboð á landsbyggðinni og auka faglegt samstarf skólanna t.d. með því að miðla námi og kennslu á milli fjarmentaskólanna og halda reglulega fundi.

Síðsumars 2015 setti mennta- og menningarmálaráðherra á laggirnar starfshóp sem átti að kortleggja grunnþætti svo sem mannauð og námsframboð í starfsemi framhaldsskólanna fimm á norðaustursvæði. Skólameistarar skólanna fimm hafa fundað reglulega síðan árið 2016 og er Svanfríður Jónasdóttir verkefnisstjóri hópsins. Jafnframt hafa FSH, Framhaldsskólinn á Laugum og Þekkingarnet Þingeyinga átt í sérstöku samstarfi varðandi skólastarf. Á skólaárinu 2017-2018 hefur verið unnið að þróunarverkefni að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytis um framhaldsskólastarf í Þingeyjarsýslum og hefur Laufey Petrea Magnúsdóttir leitt verkefnið. Helstu niðurstöður þess eru að fjarmentaskólasamstarfið fullnægi nokkurn veginn þörf beggja skóla varðandi námsframboð, þ.e.a.s. að geta sent einstaka nemendur, sem komnir eru á skjön með námsframvindu, í fjarnám í öðrum skólum og að geta tekið við fjarnemum í fámenna námshópa. Hins vegar er jákvætt að eiga í samstarfi til að efla félagslíf og koma í veg fyrir faglega einangrun kennara. Að þessum þáttum hefur verið unnið með markvissum hætti og má nefna að á haustönn 2017 slógu FSH og FL saman í jarðfræðiferð um Mývatnssveit auk þess sem töluvert samstarf hefur verið varðandi félagslíf. Nemendur FL tóku þátt í uppfærslu leikfélags FSH á haustönn auk þess sem farið hefur verið með nemendahópa í heimsóknir í báða skólana og skólarnir boðið nemendum hvor annars á kvöldvökur o.fl.

Líkt og nefnt var hér að framan hafa áfangar fyrir leiðbeinendur á hvalaskoðunarbatum verið þróaðir í samstarfi við hvalaskoðunarfyrirtækin á Húsavík, Þekkingarnet Þingeyinga og Hvalasafnið á Húsavík. Að undanfögnu hefur borið á aukinni eftirspurn eftir leiðsögufólki sem hefur tengsl við staðinn sem það leiðsegir ferðamönnum um. Að auki er mun ódýrara fyrir fyrirtækin að ráða til sín leiðsögufólk sem býr á staðnum. Því voru búnir til tveir áfangar; annars vegar áfangi sem fjallar um lífríki, staðhætti og menningu á Skjálfanda og hins vegar áfangi þar sem fjallað er um framkomu, stjórnun og báta. Hópur um 10 nemenda hefur setið þessa áfanga í FSH á haustönn 2017 og vorönn 2018. Almenn ánægja hefur verið meðal nemenda með áfangana en eftir á að koma í ljós hvort fyrirtækin ráða þessa nemendur til sín í sumar og hvernig þeim finnst þá námið hafa skilað sér.

Enn fremur er FSH þátttakandi í Evrópuverkefni sem kallast Cristal. Nýsköpunarmiðstöð Íslands fer með verkefnisstjórn en aðilar að verkefninu eru Háskólinn á Akureyri, Þekkingarnet Þingeyinga, Lindberg&Lindberg (sænsk verkfræðifyrirtæki), Azienda Agricola "DORA" (ítalskur ólífubúgarður sem byggir á sjálfbærni), grunnskólar og leikskólar í Norðurþingi auk FSH. Afurðir verkefnisins verða nokkrar, m.a. veflægt þekkingarsetur um kennslu í vísindum, tækni, verkfræði og stærðfræði með áherslu á nýsköpunar- og tæknimennt ásamt sjálfbærni á öllum skólastigum nema háskólastigi. Á þekkingarsetrinu verður að finna STEM-námskrá fyrir leik- grunn- og framhaldsskóla og

framhaldsfræðslu þar sem sjálfbærni og verkleg vinna er rauður þráður. Þar verður einnig að finna verkfærakistu fyrir kennara þar sem þeir geta sótt ýmiss konar verkefni sem byggja á notkun tækni við úrlausn ýmissa vekefna. Síðast en ekki síst verður svokölluð sýndarkennslustofa þekkingarsetrinu. Í henni verður hægt að setja inn námsefni og verkefni auk þess sem nemendur geta haft samskipti. Þá verður einnig hægt að tengja saman nemendahópa milli skóla annars staðar á landinu eða í heiminum. Hver kennslustofa verður lokuð þannig að aðeins hópurinn, sem tilheyrir verkefninu sem hún er tengd, hefur aðgang að henni.

6. Annað

Hér verða talin upp nokkur atriði sem vert er að minnast á varðandi starf Framhaldsskólans á Húsavík.

Heilsumarkmiðin mín

Enn er verið að þróa og bæta verkefnið *Heilsumarkmiðin mín*. Því var hrundið af stað á skólaárinu 2013-2014 og voru þátttakendur í því nýnemar. Umsjón verkefnisins var í höndum fjögurra starfsmanna skólans, þ.e. námsráðgjafa (sem einnig er næringarfræðingur), íþróttakennara, sálfræðikennara og skólahjúkrunarfræðings. Námsráðgjafi fór með verkefnisstjórn. Náin samvinna var höfð við stýrihóp Heilsuefandi framhaldsskóla, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins var að nemendur yrðu sér meðvitaðir um mikilvægi heilbrigðs lífsstíls og að þeir tækju aukna ábyrgð á eigin lífi til framtíðar. Verkefnið gekk í stuttu máli út á að nemendur settu sér markmið í tengslum við fjóra lífsstílstengda þætti, þ.e. hreyfingu, mataræði, svefnvenjur og andlega líðan. Hver nemandi valdi sér einn þátt sem hann vildi einbeita sér að umfram aðra. Markmiðin voru svokölluð SMART-markmið en með því er átt við að þau yrðu að vera skýr, mælanleg, alvöru (þ.e. að hægt væri að ná þeim), raunhæf og tímasett. Nemendur voru teknir í viðtöl með reglulegu millibili þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir þá og árangurinn af markmiðum þeirra metinn. Yfir skólaárið unnu nemendur einnig verkefni tengd markmiðunum í lífsleiknitímum og bóklegum íþróttatímum. Að mati stýrihóps var einnig sá ávinningur af verkefninu að nemendur fundu fyrir því að starfsfólki skólans væri annt um heilsu þeirra og vildi leggja sitt af mörkum til að auðvelda þeim skólagönguna enda eru sterk tengsl milli góðrar heilsu og velgengni í námi. Á skólaárinu 2017-2018 er haldið áfram með verkefnið en samsetning heilsuráðs hefur breyst lítillega. Nú hefur félagsmála- og forvarnarfulltrúi bæst við hópinn í stað sálfræðikennarans sem nú hefur látið af störfum og nemendur í ráðinu eru á bilinu þrjár til fimm. Heilsuráðið hefur staðið fyrir ýmsum heilsuefandi viðburðum, eins og matarsmiðju, haustlitagöngu, þrettándagleði í Íþróttahöllinni og fleiru. Verkefnið kemur í kjölfar, og rennur raunar saman við, lýðheilsuverkefnið um heilsuefandi framhaldsskóla sem lýst er hér að neðan.

Heilsuefandi framhaldsskóli

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur tekið þátt í lýðheilsuverkefninu *Heilsuefandi framhaldsskóli* frá upphafi þess. Mikil samstaða er í skólanum um að taka alltaf þátt í Lífshlaupi framhaldsskólanna og nú hanga uppi á vegg sex viðurkenningarskildir, tveir með 2. sæti og fjórir með 1. sæti. Nemendur FSH unnu hlaupið 2015, 2016, 2017 og 2018.

Töluvert er síðan FSH markaði sér stefnu í eineltismálum og er hún hluti af jafnréttisstefnu skólans sem finna má á heimasíðu hans. Í menntasýn skólans er áhersla lögð á að nemendur þroski með sér hæfileikann til þess að setja sig í spor annarra, bera virðingu fyrir ólíkum viðhorfum og sýna umburðarlyndi, skilning og þolinmæði í samskiptum við aðra. Hluti af vinnunni við geðræktarhluta *Heilsuefandi framhaldsskóla* fólst í verkefninu *Heilsumarkmiðin mín* sem lýst er hér að framan. Þessi stefna er nú enn til endurskoðunar undir yfirskriftinni „Stefna gegn ofbeldi“ og tekur bæði til eineltismála, kynferðislegrar áreitni og annars ofbeldis.

Upplýsingar um sérstakar áherslur skólans í námi og kennslu

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur það að leiðarljósi að vinna í samræmi við einkunnarorð sín sem eru **Frumkvæði – Samvinna – Hugrekki**. Lögð er áhersla á að þeir þættir sem endurspeglast í einkunnarorðunum liti allt daglegt starf skólans.

Við leggjum áherslu á að efla frumkvæði nemenda.

Efling **frumkvæðis** hefur það að markmiði:

- að hlúa að styrkleikum hvers og eins og hvetja nemendur til skapandi hugsunar og skapandi starfs
- að hvetja nemendur til þess að sjá nýjar leiðir og lausnir á fjölbreyttum úrlausnarefnum.

Við leggjum áherslu á mikilvægi samvinnu allra þeirra sem í skólanum starfa, bæði nemenda og starfsfólks, í öllu daglegu starfi.

Samvinna og samstarf hefur það að markmiði:

- að þjálfa nemendur í lýðræðislegu starfi og lýðræðislegri hugsun
- að þroska með nemendum hæfileikann til þess að setja sig í spor annarra og bera virðingu fyrir ólíkum viðhorfum, og sýna umburðarlyndi, skilning og þolinmæði í samskiptum við aðra
- að nemendur öðlist dýpri skilning á hugtökum á borð við frelsi, jafnrétti og systkinalag með því að þeir fái frelsi til að tjá skoðanir sínar og taka ákvarðanir um nám sitt, hafi jöfn tækifæri til þátttöku og áhrifa án tillits til félags- og efnahagslegrar stöðu, hæfni, reynslu, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, trúarafstöðu, kynþáttar eða þjóðernis. Að nemendur efli samskiptahæfni sína með því að vinna með öðrum að fjölbreyttum viðfangsefnum, læri að leysa úr ágreiningi, vinni gegn mismunun og einelti, öðlist meiri sjálfsaga og taki ábyrgð á eigin gerðum
- að vinna með nærsamfélagi skólans að því að þroska grenndarvitund nemenda og stuðla með þeim hætti að því að nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á nærsamfélagi sínu og því umhverfi sem þeir eru hluti af.

Við leggjum áherslu á að efla hugrekki nemenda í daglegu starfi sínu.

Efling **hugrekkis** hefur það að markmiði:

- að efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu nemenda með því að hvetja þá til þess að sýna sjálfum sér og öðrum umhyggju og virðingu
- að nemendur fái þá hvatningu og stuðning sem þarf til að þeir sjái hvers þeir eru megnugir.
- að nemendur hafi kjark og þor til að tjá tilfinningar sínar og skoðanir, standa með sjálfum sér og lifa heilbrigðu lífi.